



MATS-, ÞRÓUNAR- OG UMBÓTAÁÆTLUN LÆKJARSKÓLA




2014-2015

Stefnukort	3
Saga Lækjarskóla	4
Um skólann	5
Hlutverk	7
Markmið Lækjarskóla	7
Grunnþættir menntunar	7
Læsi	8
Sjálfbærni	8
Lýðræði og mannréttindi	8
Heilbrigði og velferð	9
Jafnrétti	9
Sköpun	9
Þjónusta:	10
Fjármál:	10
Ferli:	11
Mannauður:	11
Framkvæmd stefnu / aðgerðabinding	12
Framkvæmd einstakra verkefna 2014- 2015	14
aðgerðabinding og mat	14
Þjónusta	15
1.1 Viðhorfskönnun meðal nemenda og foreldra	15
1.2 Viðhorfskönnun meðal grenndarsamfélagsins	15
1.3 Árangur miðað við niðurstöður samræmda prófa	16
1.4 Árangur miðað við niðurstöður úr samhæfðum mælikvörðum	16
1.5 Innleiðing og viðhald einstaklingsmiðunar og samvinnunáms (CLIM)	17
1.6 Upplýstir foreldrar og nemendur	18
1.7 Upplýst samfélag / samfélög	18
1.8 Upplýst yfirvöld	19
II. Fjármál	20
2.1 Heildarrekstur skólans sé innan áætlunar	20
2.2 Navision nýtt til eftirlits	20
2.3 Skilvirkur rekstur, fagleg nýting fjármuna	21
III. Ferli / verklag	22
3.1 Skipurit	22
3.2 Starfslýsingar	22
3.3 Handbók	23
3.4 Ferli	23
3.5 Starfsáætlun	24
3.6 SMT - skólafærni	24
3.7 Markviss, snemmtæk íhlutun	25
3.8 Þróun sérdeilda	26
IV. Mannauður	27
4.1 Símenntunaráætlun	27
4.2 Faglegt starf / þverfaglegt samstarf	27
4.3 Gott upplýsingaflæði meðal starfsmanna	28
4.4 Starfsmannakannanir	29
4.5 Stuðla að öryggi og vellíðan starfsmanna	29
4.6 Fjölskylduvænn vinnustaður og jafnrétti	30
4.7 Starfsmannaviðtöl	30
Mælikvarðablað Lækjarskóla 2013- 14	31
Tímaás verkefnaáætlunar 2013	34

Stefnukort



Stefnukort Lækjarskóla



Saga Lækjarskóla

Lækjarskóli, sem hét áður Barnaskóli Hafnarfjarðar og þar á undan Barnaskóli Garðahrepps, á sér samfellda sögu allt frá árinu 1877. Þá gáfu prófastshjónin á Görðum, Þórarinn Böðvarsson og Þórunn Jónsdóttir, stórfé til minningar um son sinn, Böðvar, til að koma á fót alþýðuskóla. Þetta var heimajörðin Hvaleyri með öllum húsum og jarðarnytjum ásamt skólahúsinu Flensborg með ofnum, borðum og bekkjum og öllu naglföstu; útihús úr timbri og tún girt. Í fyrstu skólanefndinni sátu ásamt Þórnari prófasti, sem var formaður, Christian Ziemsen verslunarstjóri í Hafnarfirði og Grímur Thomsen. Árið 1882 var stofnuð við skólann gagnfræðadeild, eða „real skóli“ eins og hann var kallaður, og er það talið upphaf núverandi Flensborgarskóla.

Árið 1902 var reistur barnaskóli við Suðurgötu sem var stækkaður 1921. Það sama ár var einnig reist íþróttahús þar skammt frá. Skólahúsið við Suðurgötu varð fljótlega of lítið, svo skólanefnd ákvað 1926 að reisa nýtt skólahús. Hið nýja barnaskólahús við Skólabraut var vígt 2. október 1927. Íþróttahúsið var flutt að Skólabraut árið 1934 og þjónaði skólanum áfram til 2005. Íþróttahúsið var stækkað 1959 þegar bætt var við búnings- og baðklefum og tveimur kennslustofum. Árið 1945-46 var byggt við hvorn enda skólans og síðast 1978-80 við bakhlið hans.

Haustið 1961 tók Öldutúnsskóli til starfa í Hafnarfirði. Þá var Barnaskóli Hafnarfjarðar nefndur Lækjarskóli.

Nýtt skólahús hefur verið byggt fyrir Lækjarskóla að Sólvangsvegi 4 og var fyrri áfangi tekinn í notkun 22. ágúst 2002 og seinni áfangi haustið eftir. Íþróttahús og sundlaug voru tekin í notkun haustið 2005. Skólinn hefur verið einsetinn frá upphafi skólaárs 2002. Þannig hefur skólinn starfað á nokkrum stöðum og borið þrjú nöfn frá stofnun hans.

Um skólann

Lækjarskóli er í dag heilstæður grunnskóli með tæplega 500 nemendur. Skólinn er annar af tveimur skólum Hafnarfjarðar sem var í forystu við innleiðingu jákvæðrar skólafærni, SMT. Hornsteinar skólans eru ábyrgð, virðing og öryggi. Við Lækjarskóla er lögð áhersla á þroska hvers og eins. Skólinn er virkur í atferlismótun barna með einhverfu.

Við skólann eru reknar fjórar sérdeildir fyrir Hafnarfjörð, deild fyrir nemendur með þroskaraskanir og móttökudeild nýbúa, fjölgreinánám fyrir nemendur 9. og 10. bekkjar og einnig fjölgreinabraut fyrir framhaldsskólanemendur.

Rekstur sérdeilda hefur farið vaxandi.

- **1999** var farið að vinna með atferlismótun fyrir nemendur með einhverfu inni í skólanum. Til þessa verkefnis voru ráðnir þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sem leyst hafa verkefnið svo vel af hendi að til fyrirmyndar er fyrir aðrar stofnanir landsins.
- **2001** hóf fjölfatlaður nemandi nám við skólann. Hann stundar nám sitt með aðstoð þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa.
- **2002** var stofnuð móttökudeild fyrir nýbúa við Lækjarskóla sem hefur vaxið ört.
- **2002** var ráðinn deildarstjóri við móttökudeildina.
- **2003** var sérdeild Engidalsskóla flutt í Lækjarskóla.
- **2004** var ráðinn deildarstjóri við sérdeildina enda fjölgun nemenda mikil og sterkur faglegur grunnur lagður að starfinu.
- **2005** tók Lækjarskóli við rekstri Fjölgreinánáms. Deildarstjóri var þegar starfandi við deildina.
- **2005 og 2006** var Fjölgreinánámið stækkað úr einni deild í þrjár.
- **2006** var gerður samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Menntamálaráðuneytisins um stofnun Fjölgreinabrautar á framhaldskólastigi.
- **2006** er farið af stað með svokallað Fjöltækninám fyrir þá unglinga sem erfiðast áttu með aðlögun inn í almenna skólakerfi í Hafnarfirði.
- **2006** var ráðinn verkefnastjóri fyrir Fjölnámið.
- **2007** var framkvæmd fyrri ákvörðun um að sérdeildin skuli vaxa með aldri skjólstæðinganna úr yngsta- og miðstigi upp í unglingsstigi þ.e.a.s. verða heilstætt skólaúrræði.
- **2008** fór fjöltæknideildin í húsnæði Gamla bókasafnsins. Deildarstjóri móttökudeildar varð jafnframt verkefnastjóri Hafnarfjarðarbæjar við móttöku nýbúa. Ráðinn var verkefnastjóri að móttökudeild. Nemendur sérdeildar fyrir þroskaröskun skráðir í almenna bekk og þátttaka þeirra í bekkjarstarfi aukin.
- **2009** var Fjöltækninám sameinað Fjölgreinánámi.
- **2012** Fjölgreinabraut fer undir stjórn Flensborgarskóla og Iðnskóla Hafnarfjarðar haustið 2012.

Í Sérdeild Lækjarskóla fyrir börn með þroskaröskun eru 22 nemendur. Við Fjölnám, þ.e.a.s. í Fjölgreinánámi eru 12 nemendur. Í Móttökudeild nýbúa eru 16 nemendur.

Nemendur Lækjarskóla eru námsfúsir, dugmiklir og iðnir, starfsmenn eru metnaðarfullir og samhentir. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra og nemendur. Í Lækjarskóla ríkir góður starfsandi og starfsmannastefna byggir á öflugri mannauðsstjórnun.

Skólastjóri Lækjarskóla og bæjarstjóri Hafnarfjarðar hafa gert með sér samning um árangursstjórnun þar sem áhersla er lögð á þróunarstarf og umbótaferli.

Í starfsáætlun Lækjarskóla ársins 2014-2015 er lögð áhersla á stefnumótandi hlutverk skólans. Stefnumörkun Lækjarskóla endurspeglast í stefnukorti Lækjarskóla og í markmiðum ársins 2014.

Áhersluatriði Lækjarskóla 2014-2015 eru:

1. Stefna mótuð fyrir skólann á grunni nýrrar aðalnámskrár.
2. Unnið að nýrri skólanámskrá í samræmi við nýja aðalnámskrá.
3. Árangursstjórnun, virkjun allra starfsmanna.
4. Sjálfsmat, umbætur og eftirfylgni.
5. SMT, áframhaldandi eftirfylgni.
6. Unnið áfram með samvinnunám. (fjölmeningalegur kennsluhátta, Clim).
7. Lestrarskimun, t.d. Leið til læsis, Logos og GRP14 og eftirfylgni
8. Skimun á þörf fyrir sérkennslu frá yngstu stigum til eldri stiga.
9. Snemmtæk íhlutun í stuðningi við nemendur.

Sérstök áhersla verður lögð á líðan nemenda og starfsánægju starfsmanna sem endurspeglast í bættum árangri.

Hér hefur verið tæpt á helstu markmiðum og verkefnum Lækjarskóla á komandi ári. Fjöldi verkefna eru þó ótalin á sviði kennslu, mannauðsmála og verklags til að tryggja jafnræði í þjónustu og gagnsæi skólakerfisins.

Haraldur Haraldsson
Skólastjóri Lækjarskóla

Hlutverk

Meginhlutverk Lækjarskóla er að veita skólaskyldum nemendum grunnmenntun og uppeldi þannig að þeir séu sem hæfastir til að taka þátt í áframhaldandi menntun eða starfi í lýðræðisþjóðfélagi.

Lækjarskóli veiti þjónustu við nemendur, fjölskyldur þeirra, grenndarsamfélagið, Hafnarfjarðarbæ og samfélagið í heild. Þjónustan sé veitt í sem bestum samhljómi við hið alþjóðlega samfélag þar sem lýðræði skal haft að leiðarljósi og sé byggð á grunnskólalögum, aðalnámskrá, skólanámskrá og öðrum reglum sem samþykktar eru af bæjarstjórn Hafnarfjarðar hverju sinni.

Markmið Lækjarskóla

Haft skal að leiðarljósi að Lækjarskóli sé í hópi bestu skóla innan lands og utan.

Hornsteinar starfsins skulu vera: Ábyrgð, Virðing og Öryggi sem jafnframt eru undirstaða jákvæðrar atferlismótunar (SMT, school management training) skólans.

Markmið: Að Lækjarskóli leggi grunn að góðum þroska, framhaldsmenntun, starfi og símenntun nemenda allt þeirra líf.

Að allir nemendur njóti alhliða menntunar við hæfi hvers og eins, þroska og áhugasviðs.

Að lagður sé metnaður í fagleg vinnubrögð.

Að skólinn sé lifandi, sveigjanlegur og í góðum samskiptum við grenndarsamfélag og umhverfi.

Að allir nemendur njóti félagslífs og hafi tækifæri til að auka félagsþroska sinn í samstarfi Lækjarskóla og félagsmiðstöðvarinnar Vítans.

Að skólinn sé, eftir því sem við verður komið, í tengslum við náttúru, atvinnulíf og menningu þjóðarinnar.

Að vinnudagur nemenda skiptist með ákveðnum hætti í bóklegt nám, verk- og listnám, íþróttir, félags- og tómstundanám.

Grunnþættir menntunar

Í aðalnámskrá grunnskóla 2011 eru settir fram sex grunnþættir menntunar; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir sem tengjast allir innbyrðis og eru jafnframt háðir hver öðrum eiga samkvæmt aðalnámskrá að endurspeglast í daglegu skólstarfi og vera sýnilegir í hvers skóla.

Læsi

Meginmarkmið læsis er að nemendur verði virkir þátttakendur í samfélaginu með því að túlka og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra margvíslegu miðla sem völ er á.

Stuðla skal að því að nemendur nái góðu valdi á lestri og ritun texta. Nemendur skilji myndmál og geti nýtt sér það við almenna upplýsingaöflun. Nemendur séu talnalæsir og geti lesið úr töflum og tölum við ýmsar aðstæður. Áhersla skal lögð á að nemendur verði samskiptalæsir og geti unnið í hópum, komið skoðunum sínum á framfæri og hlustað á skoðanir annarra. Nemendur séu upplýsingalæsir og geti aflað sér upplýsinga á margvíslegum hátt, vegið þær og metið með gagnrýnum hætti. Þar sem umhverfi okkar mótast æ meir af vísindum og tækni þarf að efla vísindalæsi meðal nemenda þannig að þeir geti tekið þátt í rökræðum um vísindaleg málefni. Enn fremur skal leggja áherslu á tilfinningalæsi nemenda, að nemendur geti lesið í aðstæður og geti sett sig í spor annarra.

Sjálfbærni

Meginmarkmið sjálfbærni menntunar er að gera nemendur ábyrga um að skapa samábyrgt samfélag og takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags.

Stuðla skal að aukinni umhverfisvitund með því að efla þekkingu og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs. Nemendur geri sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temji sér lífsvenjur sem stuðli að heilbrigði jarðar og jarðarbúa.

Lýðræði og mannréttindi

Meginmarkmið lýðræðis- og mannréttindamenntunar er að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Stuðla skal að því að efla gagnrýna hugsun og ígrundun um gildi þess að vera virkur þátttakandi í lýðræðissamfélagi. Áhersla er lögð á að hversdagslegir starfshættir í skólanum séu byggðir á lýðræði og virðingu fyrir manngildi hvers og eins.

Nemendur þekki grundvallarréttindi barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenski löggjöf og alþjóðasamningum. Enn fremur er lögð áhersla á virkt samstarf bæði innan skólasamfélagsins og við grenndarsamfélagið, þar á meðal æskulýðs- og íþróttafélög.

Heilbrigði og velferð

Meginmarkmið menntunar um heilbrigði og velferð er að stuðla að heilsueflingu og velfarnaði nemenda, einkum andlegri, líkamlegri, tilfinningalegri og félagslegri vellíðan þeirra.

Stuðla skal að jákvæðum skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði nemenda á sem víðtækastan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur fái markvisst hreyfiuppeldi og fræðslu sem stuðlar að heilsusamlegu fæðuvali. Áhersla er einnig lögð á að nemendur fái hollan og fjölbreyttan mat og nægan tíma til að nærast. Enn fremur að nemendur fái fræðslu og stuðning sem stuðli að því að þeir geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

Jafnrétti

Meginmarkmið jafnréttismenntunar er að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sín og lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsu og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis.

Stuðla skal að því að allir taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis.

Lækjarskóli er skóli margbreytileikans og er lögð áhersla á að hver og einn nemandi fái að njóta sín miðað við eigin þroska, sérstöðu, þarfir, áhuga og styrkleika.

Efla skal skilning nemenda á stöðu kynjanna í nútíma samfélagi og búa nemendur jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi. Í öllu skólastarfi skal leggja áhersla á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins s.s. ólíkri menningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun.

Sköpun

Meginmarkmið sköpunar í skólastarfi er að örva ímyndunarafl nemenda til að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þeir hafa áður gert og miðla til annarra.

Stuðla skal að sköpun í öllu starfi og öllum námsgreinum sem byggir á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika. Nemendur skulu fá tækifæri til að vera skapandi og njóta sköpunarhæfni sinnar sem víðast í skólastarfinu þar sem áhersla er lögð á sköpunarferlið sjálft ekki síður en afrakstur sköpunarinnar. Áhersla er enn fremur lögð á að sköpun sem byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit sé einkennandi fyrir vinnubrögð á flestum sviðum skólastarfsins.

Þjónusta:

Ytra starf:

- Koma að uppeldi nemenda í samvinnu við heimili og samfélag.
- Stuðla að góðu foreldrastarfi.
- Virkja foreldra og nemendur til innra starfs skólans og auka lýðræði.
- Sinna forvarnarstarfi í samstarfi við heimili, forvarnarfulltrúa og fleiri.
- Veita upplýsingar í samræmi við upplýsingalög og með tilliti til persónuverndar og stjórnisýslulaga (Mentor).
- Að stuðla að jákvæðum viðhorfum til skólans með kynningu á starfseminni ásamt góðu samstarfi við aðstandendur og aðra bæjarbúa.
- Að skólinn sé virkur í tengslum við aðra skóla og önnur skólastig (t.d. leik- og framhaldsskóla).

Innra starf

- Veita góða kennslu.
- Taka þátt í uppeldi.
- Jákvæð agastýring/skólafærni.
- Að leitast við að sinna þörfum hvers og eins.
- Veita nemendum stoðþjónustu samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Að nemendur eigi kost á að kaupa hádegisverð í skólanum og unglingar morgunhressingu, þar er innifalinn gjaldfrír hafragrautur.
- Að nemendum gefist kostur á að iðka félagslíf og taka þátt í skemmtunum.
- Aðgengi að skólanum sé gott.
- Skapa félagsmiðstöð eins góðar aðstæður í skólanum og mögulegt er hverju sinni.

Fjármál:

- Að vinna raunhæfa rekstraráætlun með sviðsstjóra og fjármálastjóra, áætlun sem er hagkvæm en árangursmiðuð.
- Gæta þess að rekstur sé innan fjárheimilda.
- Sívirkt eftirlit þar sem leitast er við að hagræða í rekstri en jafnframt stefnt að því að ná sem bestum árangri.

Ferli:

- Viðhald heimsíðu og handbókar.
- Sjálfsmatsáætlun (mælikvarðablað) og eftirfylgni viðhöfð gagnvart starfsemi skólans, nemendum, forráðamönnum og öðru umhverfi.
- Viðhalda góðum upplýsingaleiðum milli starfsmanna skólans með vel uppfærðri heimasíðu, reglubundnum fundum, vikutíðindum o.fl.




Mannauður:

- Hafa gát á líðan og heilsu starfsmanna.
- Hafa gát á að starfsmenn séu ánægðir í starfi og jafnræðis og jafnréttis sé gætt.
- Áhersla á markvissa símenntun og árangur í starfi.
- Regluleg starfsmannaviðtöl.
- Gera símenntunaráætlun og vinna samkvæmt henni.
- Eftirfylgni starfsmannakönnunar, fara yfir niðurstöður og grípa til aðgerða, s.s. vegna álags og streitu starfsmanna.



Framkvæmd stefnu / aðgerðabinding



Framkvæmd stefnu 2015-9



Framkvæmd stefnu 2010



Framkvæmd einstakra verkefna 2014- 2015

aðgerðabinding og mat

Árangursþættir	Markmið / verkefni / mat
Þjónusta	
Ánægja foreldra og nemenda	1.1. Viðhorfskönnun meðal nemenda og foreldra
Ánægja grenndarsamfélagsins	1.2 Viðhorfskönnun meðal grenndarsamfélagsins (framkvæmd af Hafnarfjarðarbæ)
Góður árangur skólans Einstaklingsmiðun og samvinnunám (CLIM)	1.3 Árangur miðað við niðurstöður samræmdra prófa 1.4 Árangur miðað við niðurstöður úr samhæfðum mælikvörðum 1.5 Innleiðing og viðhald einstaklingsmiðunar og samvinnunáms (CLIM)
Áreiðanleg upplýsingamiðlun	1.6 Upplýstir foreldrar og nemendur 1.7 Upplýst samfélag / samfélög 1.8 Upplýst yfirvöld
Fjármál	
Halda sig innan fjárhagsramma	2.1 Heildarrekstur skólans sé innan áætlunar
Skilvirkt eftirlit	2.2 Stjórnendakerfi Hafnarfjarðar nýtt til eftirlits
Hagkvæmni í rekstri, hámarksnýting fjármagns	2.3 Skilvirkur rekstur, fagleg nýting fjármuna
Ferli / verklag	
Skilvirkt skipulag, árangursstjórnun	3.1 Skipurit 3.2 Starfslýsingar 3.3 Handbók 3.4 Ferli 3.5 Starfsáætlun
Jákvæð agastýring	3.6 SMT - skólafærni
Sértæk úrræði og sérdeildir	3.7 Markviss, snemmtæk íhlutun 3.8 Þróun sérdeilda
Mannauður	
Markviss starfsþróun og fræðsla	4.1 Símenntunaráætlun 4.2 Þverfaglegt samstarf 4.3 Gott upplýsingaflæði meðal starfsmanna
Góður vinnustaður	4.4 Starfsmannakannanir 4.5 Stuðla að öryggi og vellíðan starfsmanna 4.6 Fjölskylduvænn vinnustaður
Jákvætt og skapandi starfsumhverfi	4.7 Starfsmannaviðtöl

Þjónusta

1.1 Viðhorfskönnun meðal nemenda og foreldra

Rök

Það er mikilvægt að nemendum Lækjarskóla líði vel í skólanum og foreldrar séu ánægðir með skólann.

Aðgerðir

1. Framkvæmd stutt viðhorfskönnun meðal foreldra einu sinni á ári.
2. Framkvæmd stutt viðhorfskönnun meðal nemenda einu sinni á ári.
3. Þátttakendur fá upplýsingar um helstu niðurstöður.
4. Unnið úr niðurstöðum og þeim fylgt eftir með úrbótum.
5. Haldin færninámskeið og önnur námskeið sem að gagni koma fyrir foreldra.

Tímaáætlun

Mars 2015

Ábyrgðarmaður

Deildarstjóri tölvu- og upplýsingadeildar.

Árangursþáttur

Ánægja foreldra og nemenda.

1.2 Viðhorfskönnun meðal grenndarsamfélagsins

Rök

Lækjarskóli er heildstæður grunnskóli með rúmlega 500 nemendur. Skólinn er annar af tveimur skólum Hafnarfjarðar sem var í forystu við innleiðingu SMT skólafærni. Við skólann eru reknar fjórar sérdeildir fyrir Hafnarfjörð, þar með talið braut á framhaldsskólastigi þar sem sérstök áhersla er lögð á verknám. Það er mikilvægt að Lækjarskóli sé í góðri samvinnu við grenndarsamfélagið og fái endurgjöf á þá þjónustu sem hann veitir.

Aðgerð

1. Framkvæmd viðhorfskönnun á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar, þar sem viðhorf til Lækjarskóla er metið.
2. Lækjarskóli / Hafnarfjarðarbær vinnur úr niðurstöðum.
3. Upplýsingar til þeirra sem málið varðar.
4. Eftirfylgni.

Ábyrgðarmaður

Hafnarfjarðarbær og skólastjóri.

Árangurspáttur

Ánægja grenndarsamfélagsins.

1.3 Árangur miðað við niðurstöður samræmda prófa

Rök

Lækjarskóli ber sig saman við aðrar sambærilegar stofnanir að teknu tilliti til ákveðinna forsenda og sérhæfni. Lækjarskóli metur framfarir og árangur nemenda sinna milli ára.

Aðgerð

1. Farið markvisst yfir niðurstöður samræmdra prófa og úrvinnslu Námsmatsstofnunar.
2. Einstaklingsgreining.
3. Faggreind skimun.
4. Gripið til viðeigandi aðgerða.

Tímaáætlun:

4. og 7. bekkur í október 2014. 10. bekkur í maí 2015. 10. bekkur samræmd próf á haustönn 2014.

Ábyrgðarmaður:

Deildarstjórar verkefna viðkomandi deilda og stiga ásamt deildarstjóra sérkennslu.

Árangurspáttur:

Góður árangur skólans.

1.4 Árangur miðað við niðurstöður úr samhæfðum mælikvörðum

Rök

Markmið Lækjarskóla er að vera í hópi bestu skóla landsins. Lækjarskóli leggur því mikla áherslu á markvissa stefnumótun og mælir reglulega þætti til aukinna gæða í samræmi við árangursstjórnun.

Aðgerðir

1. Stofnaður vinnuhópur með tilteknum viðmiðunarskólum.
2. Útbúið samhæft mælitæki varðandi ákveðna þætti í samvinnu við tiltekna viðmiðunarskóla sem vinna eftir kerfum árangursstjórnunar.
3. Mælikvarðinn þarf að vera einfaldur.
4. Mæld verði t.d. ánægja foreldra, ánægja nemenda, ánægja starfsmanna og árangur Lækjarskóla í samanburði við viðmiðunarskóla.

Ábyrgðarmaður

Skólastjóri og staðgengill hans.

Árangursþáttur

Góður árangur skólans.

1.5 Innleiðing og viðhald einstaklingsmiðunar og samvinnunáms (CLIM)

Rök

Hver einstaklingur er sérstakur og taka verður tillit til þess að hver nemur með sínum hætti, því er einstaklingsnám og námskrá mikilvæg til árangurs. Enginn getur allt, allir geta eitthvað, sameinaður hópur getur mest, því er samvinnunám mikilvæg aðferð til árangurs.

Aðgerð

1. Þjálfun kennara.
2. Gerð einstaklingsnámskráa.
3. Áframhaldandi innleiðing og viðhald samvinnunáms, fjölmenningarlegra kennsluhátta (CLIM) undir handleiðslu Guðrúnar Pétursdóttur.
4. Eftirfylgni.

Tímaáætlun

Allt starfsárið 2014 - 2015.

Ábyrgðarmaður

Deildarstjórar móttökudeildar og sérkennslu.

Árangursþáttur

Einstaklingsmiðun og samvinnunám.

1.6 Upplýstir foreldrar og nemendur

Rök

Stefna Lækjarskóla er að miðla og leita eftir nauðsynlegum upplýsingum til að styrkja starf skólans. Til þess að tryggja að stefnan komist til framkvæmda er mikilvægt að efla upplýsingamiðlun til foreldra og nemenda og gagnvirkt samstarf heimilis og skóla.

Aðgerðir

- 1) Markviss vinna með skólaráði.
- 2) Foreldrar upplýstir um ástund og mætingu barna sinna amk.1 sinni í mánuði.
- 3) Unnið verði áfram að þróun vefs Lækjarskóla með það að markmiði að allir foreldrar og nemendur geti nýtt sér vefinn.
- 4) Stuðla að því að upplýsingar um þjónustu Lækjarskóla verði aðgengilegar innflytjendum í Hafnarfirði, s.s. með þýðingum á ákveðnum upplýsingum á heimasíðu o.s.frv.

Tímaáætlun

Allt skólaárið 2014 - 2015.

Ábyrgðarmaður

Skólastjóri og skólaráð.

Árangursþáttur

Áreiðanleg upplýsingamiðlun.

1.7 Upplýst samfélag / samfélög

Rök

Stefna Lækjarskóla er að miðla og leita eftir nauðsynlegum upplýsingum. Þjónusta sé veitt í sem bestum samhljómi við hið alþjóðlega samfélag þar sem lýðræði skal haft að leiðarljósi og sé byggð á grunnskólalögum, aðalnámskrá, skólanámskrá og öðrum reglum sem samþykktar eru af bæjarstjórn Hafnarfjarðar hverju sinni. Til þess að tryggja að stefnan komist til framkvæmda er mikilvægt að efla leit upplýsinga og miðlun til samfélagsins.

Aðgerðir

1. Þróa og viðhalda heimasíðu og handbók Lækjarskóla.
2. Gagnkvæmar heimsóknir vegna hins faglega starfs.
3. Hluti handbókar þýddur á önnur tungumál og gerður aðgengilegur á heimasíðu.
4. Bein og óbein samskipti við önnur skólasamfélög m.a. við frumkvöðla SMT í Oregon í Bandaríkjunum fyrir tilstuðlan skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
5. Stefna að því að eignast vinaskóla innanlands og utan.

Tímaáætlun:

Allt skólaárið 2014 - 2015.

Ábyrgðarmaður:

Millistjórnendur.

Árangursþáttur:

Áreiðanleg upplýsingamiðlun.

1.8 Upplýst yfirvöld

Rök

Stefna Lækjarskóla er að miðla og leita eftir nauðsynlegum upplýsingum til að styrkja starf skólans. Til þess að tryggja að stefnan komist til framkvæmda er mikilvægt að efla upplýsingamiðlun til yfirvalda, innan sveitarfélags og ráðuneytis.

Aðgerðir

1. Skilvirk skil á áætlunum og umbeðnum gögnum.
2. Aðgengilegar upplýsingar á heimasíðu.
3. Greinargerðir, skýrslur, fundir, heimboð og heimsóknir.
4. Veita ráðuneyti góðar upplýsingar um verkefnastöðu og árangur Fjölgreinabrautar.

Tímaáætlun

Allt skólaárið 2014 - 2015.

Ábyrgðarmaður

Skólastjóri.

Árangursþáttur

Áreiðanleg upplýsingamiðlun.

II. Fjármál

2.1 Heildarrekstur skólans sé innan áætlunar

Rök

Stefnt er að því að rekstur skólans sé innan fjárhagsáætlunar og fyllstu hagkvæmni sé gætt. Hafa skal í huga að það getur orðið töluverð breyting varðandi starfsemi og mannhald frá vori til hausts. Því væri best að mega taka upp áætlun að vori, að öðrum kosti verður að reyna að áætla fyrir hugsanlegum breytipáttum.

Aðgerð

1. Rekstur ársins 2015 byggist á áætlun frá því í október 2014 og er háð samþykkti bæjarstjórnar.
2. Vönduð vinnubrögð við fjárlagagerð sem byggir á góðum gögnum.

Tímaáætlun: Samþykkt áætlun des 2014. Áætlun fyrir rekstrarárið 2015 gerð í október 2014.

Ábyrgðarmaður: Skólastjóri.

Árangursþáttur: Halda sig innan fjárhagsramma.

2.2 Navision nýtt til eftirlits

Rök

Fjárhagsáætlun feli í sér allar þarfir og væntingar vegna reksturs fjárhagsársins 2012 en jafnframt sé fyllstu hagkvæmni gætt. Þess ber að geta að uppfærsla stjórnendakerfis Hafnarfjarðar hefur verið með þeim hætti á síðasta starfsári að það hefur því miður veitt takmarkaðan stuðning. Nú er komið nýtt bókhaldskerfi Navision (Maritech). Óráðið er hvort það kerfi verði eingöngu notað til þess að fylgjast með rekstri eða hvoru tveggja kerfin saman.

Aðgerð

1. Fylgjast með að hver tekju- eða gjaldaliður sé á áætlun.
2. Færa á milli liða ef þurfa þykir og rými leyfir.

Tímaáætlun: Allt árið 2015.

Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri og skólastjóri.

Árangursþáttur: Skilvirkt eftirlit.

2.3 Skilvirkur rekstur, fagleg nýting fjármuna

Rök

Því betur sem farið er með því hagkvæmari er reksturinn. Bætt nýting fjármuna eykur svigrúm til meiri gæða.

Aðgerð

Stöðugt mat og þróun ferla með það fyrir augum að rekstrarfjármagn nýtist sem best hverju sinni í hverri deild.

Tímaáætlun: Allt árið 2015.

Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri og skólastjóri.

Árangursþáttur: Hagkvæmni í rekstri, hámarksnýting fjármagns.

III. Ferli / verklag

3.1 Skipurit

Rök

Skipuriti Lækjarskóla er ætlað að skýra uppbyggingu skólans og gera hana eins ljósa og kostur er fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk. Markmið með skipuriti er að starfsemi Lækjarskóla sé skilvirk og ljóst sé hvernig ábyrgð deilist. Einnig er skipuritinu ætlað að afmarka verksvið hvers og eins með stöðuheiti. Þannig fæst betri yfirsýn yfir ábyrgðarsvið viðkomandi starfsmanns.

Aðgerð

Skipurit uppfært reglulega og kynnt öllum starfsmönnum ásamt hlutverki hvers og eins.

Tímaáætlun:

Allt árið 2015.

Ábyrgðarmaður:

Skólastjóri.

Árangursþáttur:

Skilvirkt skipulag, árangursstjórnun.

3.2 Starfslýsingar

Rök

Mikilvægt er að skipulag Lækjarskóla sé skilvirkt, allir starfsmenn viti til hvers er ætlast af þeim í starfi og að starfslýsing sé skýr.

Aðgerð

1. Starfslýsingar skulu gilda fyrir öll störf hjá Lækjarskóla og þær uppfærðar árlega í starfsmannaviðtali.
2. Starfslýsing skal ávallt liggja fyrir þegar ráðið er í nýtt starf.
3. Deildarstjórar gerðir ábyrgir fyrir starfslýsingum sinna starfsmanna, en breytingar skulu staðfestar af skólastjóra.

Ábyrgðarmaður

Stjórnendur.

Árangursþáttur

Skilvirkt skipulag.

3.3 Handbók

Rök

Hér eru teknar saman á einum stað upplýsingar um innra starf skólans. Handbókin er til leiðbeiningar hverjum þeim sem hingað kemur nýr til starfa og ekki síður til upprifjunar fyrir þá sem fyrir eru. Farsælt skólastarf veltur fyrst og fremst á þeim nemendum og því starfsfólki sem í skólanum er og starfsanda sem þar ríkir. Fagmennska, trúnaður, samstarfshæfni, vilji og áreiðanleiki eru m.a. forsendur þess að allt samstarf gangi upp og að öllum líði vel í vinnunni.

Aðgerð

Handbók uppfærð reglulega.

Tímaáætlun

Maí 2014 og ágúst 2015.

Ábyrgðarmaður

Aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar.

Árangursþáttur

Skilvirkt skipulag, árangursstjórnun.

3.4 Ferli

Rök

Mikilvægt er að öll ferli Lækjarskóla séu skráð, þannig að skilvirkni náist og auðvelt sé nýjum starfsmönnum að komast inn í starfið.

Aðgerð

1. Öll vinnuferli Lækjarskóla yfirfarin og skráð í handbók starfsmanna.
2. Hlutverk handbókarinnar er að tryggja aðgang starfsmanna að þeim reglum og viðmiðum sem gilda um starf í Lækjarskóla. Þetta á bæði við um vinnuferli SMT og önnur innri ferli s.s. "móttöku nýliða", viðbrögð við slysum", áfallahjálpi, o.fl.
3. Ábyrgðarmaður/ritstjóri ferla er aðstoðarskólastjóri.
4. Eftirfylgni og uppbygging ferla í samræmi við kannanir og þarfir hverju sinni.

Tímaáætlun

Mars – apríl 2014 og ágúst 2015.

Ábyrgðarmaður

Aðstoðarskólastjóri

Árangursþáttur

Skilvirkt skipulag.

3.5 Starfsáætlun

Rök

Lækjarskóli er stór skipulagsheild. Mikilvægt er að eiga góða vinnulýsingu eða handbók sem gerir einstaka þætti, heildina og ferli aðgengileg. Virkni og þróun séu sýnileg í starfsáætlun.

Aðgerðir

1. Árlega skal starfsáætlun Lækjarskóla endurskoðuð og uppfærð og nýjungar kynntar.
2. Árlega skal gert skólalagatal og það sent til umsagnaraðila þ.e.a.s. skólaráðs og fræðsluráðs til staðfestingar.
3. Yfirfara sjálfsmatsáætlun árangursstjórnunar.

Tímaáætlun

Starfsáætlun fyrir 2015 gerð í nóvember 2014.

Ábyrgðarmaður

Skólastjóri.

Árangursþáttur

Markviss áætlanagerð.

3.6 SMT - skólafærni

Rök

Markmið SMT skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks.

Aðgerðir

1. Koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun með því að:
 - a. Kenna og þjálfá félagshæfni.
 - b. Gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti.
 - c. Samræma viðbrögð starfsmanna gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.
2. Notuð sömu verkfæri og í PMT foreldrafærni:
 - a. Gefa skýr fyrirmæli.
 - b. Setja skýrar reglur.
 - c. Nýta hvatningu í ríku mæli.
 - d. Virk samskipti og lausnaleit.
 - e. Skilvirkt eftirlit með hegðun barns.
 - f. Jákvæð afskipti og eftirlit.
 - g. Jákvæð umbun.

3. Framkvæmd SMT:

- a. Styðja alla nemendur skólans.
- b. Styðja nemendur sem fara ekki eftir reglum.
- c. Styðja einstaka nemendur sem eiga erfitt með að fara eftir reglum.

Tímaáætlun

Allt starfsárið 2014 - 2015.

Ábyrgðarmaður

Aðstoðarskólastjóri.

Árangursþáttur

Jákvæð agastýring.

3.7 Markviss, snemmtæk íhlutun**Rök**

Því fyrr sem brugðist er við, því skilvirkari er árangurinn.

Aðgerðir

1. Greining.
2. Allir sem málið varða upplýstir.
3. Markmið og aðgerðaráætlun.
4. Framkvæmd.
5. Mat.
6. Eftirfylgni.

Tímaáætlun

Allt starfsárið 2014 - 2015.

Ábyrgðarmaður

Deildarstjóri sérkennslu og/eða deildarstjórar sérdeilda.

Árangursþáttur

Sértæk úrræði og sérdeildir.

3.8 Þróun sérdeilda

Rök

Sérdeildir skólans eru þrjár. Deildarstjórar sérdeilda uppfæra starfsáætlanir sinna deilda.

Aðgerðir

1. Starfsáætlanir/Starfsskýrsla.
2. Kannanir og mat.
3. Þróa áfram og skoða stöðu sérdeilda í skólanum.
4. Sérstök úttekt á fjölgreinabraut og eftirfylgni.
5. Áfram er beiðni um stækkun húsnæðis og aukinn búnað vegna aukins nemendafjölda, fjölgunar bekkja og vinnu með nemendum með sérþarfir, einhverfu og fleira.
 - a. Ósk um milligólf yfir anddyri hjá móttökudeild og tvö rými sérdeildar fyrir nemendum með þroskaröskun.
 - b. Tölvu- og tæknivæða sérdeildir.

Með tilliti til árferðis er sýnilegt að framkvæmdir þær sem taldar eru upp í 5. lið verði að bíða betri tíma þrátt fyrir þörf.

Tímaáætlun

Allt starfsárið 2015.

Ábyrgðarmaður

Deildarstjórar hvernar deildar.

Árangursþáttur

Sértæk úrræði og sérdeildir.

IV. Mannauður

4.1 Símenntunaráætlun

Rök

Lækjarskóli er í stöðugri þróun. Lækjarskóli er lærdómsstofnun, bæði fyrir nemendur, heimili, starfsmenn og aðra í samfélagi hans. Framtíð Lækjarskóla er háð menntun og þróun starfsmanna sem skilar sér í auknum gæðum til nemenda og foreldra.

Aðgerðir

1. Könnun er gerð árlega meðal allra starfsmanna Lækjarskóla, þar sem fræðsluþarfir eru greindar og útbúin símenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk.
2. Símenntunaráætlun starfsmanna sé fylgt eftir og yfirfarin í starfsmannaviðtali.
3. Skrifstofustjóri ásamt starfsmönnum sér um skráningu á námskeið og heldur utan um þekkingargrunn starfsmanna.
4. Efla miðlun þekkingar meðal starfsmanna Lækjarskóla og nýta sérþekkingu og menntun þeirra.
5. Miðla þekkingu og þiggja menntun og leiðsögn annara starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar.

Tímaáætlun:

Janúar 2014 og uppfærð í ágúst - september 2014.

Ábyrgðarmaður:

Stjórnendur.

Árangursþáttur:

Markviss starfsþróun og fræðsla.

4.2 Faglegt starf / þverfaglegt samstarf

Rök

Lækjarskóli er stór vinnustaður, með rúmlega 500 nemendur og um 100 starfsmenn. Stjórnendur Lækjarskóla vilja að starf við skólann feli í sér stöðuga þróun og styrki einstaklinginn faglega og persónulega. Starfsþróun er forsenda þess að skólinn verði fyrirmyndarskóli. Starfsþróun felst í því að gefa starfsmönnum kost á að bæta hæfni sína í starfi með því að taka þátt í stöðugri símenntun, þátttöku í verkefnum, sjálfsnámi og mögulegri tilfærslu í starfi. Litið er svo á að starfsþróun starfsmanns sé á ábyrgð og frumkvæði bæði skólans og starfsmannsins sjálfs. Miðlun þekkingar milli deilda og aukið samstarf tryggir samhæfni og eykur styrk skólans.

Aðgerð

1. Haldnir eru fundir með deildarstjórum þar sem sérstaklega er fjallað um samstarf.
2. Skipaðir verða þverfaglegir vinnuhópar í einstök verkefni, s.s. heimasíðugerð, SMT, starfsþróun, fræðslu, mat, og fleira.
3. Starfsmenn Lækjarskóla veita öðrum skólum og stofnunum faglegan stuðning.
4. Viðhalda góðu samstarfi við önnur skólastig, s.s. leik- og framhaldsskóla
5. Að brydda upp á tilbreytingu gagnvart starfsmönnum s.s. með námi og þjálfun hvers konar, fundum, samvinnu og samveru.

Tímaáætlun

Allt skólaárið 2014-2015.

Ábyrgðarmaður

Millistjórnendur.

Árangursþáttur

Markviss starfsþróun og fræðsla.

4.3 Gott upplýsingaflæði meðal starfsmanna

Rök

Stefna stjórnenda Lækjarskóla er að miðla og leita eftir nauðsynlegum upplýsingum og að stuðla að því að upplýsingaflæði sé virkt milli starfsmanna.

Aðgerðir

- 1) Vel uppfærð heimasíða og handbók.
- 2) Vikutíðindi til starfsfólks.
- 3) Aðstoðarskólastjóri sjái um móttöku nýliða og tryggir að hún sé góð og kynnt verði stefna skólans og farið yfir upplýsingakerfin.
- 4) Yfirstjórn haldi starfsmannafund einu sinni í mánuði.
- 5) Deildarstjórar haldi reglulega fundi með sínum deildum.
- 6) Innra net starfsmanna sé vel uppfært og gögn vistuð reglulega inn á sameignir.

Tímaáætlun

Allt árið 2015.

Ábyrgðarmaður

Skólastjóri og staðgengill hans.

Árangursþáttur

Markviss starfsþróun og fræðsla.

4.4 Starfsmannakannanir

Rök

Lækjarskóli vill vera fyrirmyndarvinnustaður þar sem ánægja og árangur fara saman.

Aðgerðir

1. Árlega er viðhorf starfsmanna metið og gripið til viðeigandi aðgerða.

Tímaáætlun

Febrúar – maí 2015.

Ábyrgðarmaður

Skólastjóri og staðgengill hans.

Árangursþáttur

Góður vinnustaður.

4.5 Stuðla að öryggi og vellíðan starfsmanna

Rök

Stjórnendur Lækjarskóla vill leggja áherslu á heilsuvernd starfsmanna þar sem boðið er upp á góðan aðbúnað og öruggt starfsumhverfi. Heilsuefling meðal starfsmanna skilar sér meðal annars í betri andlegri og líkamlegri líðan, aukinni starfsánægju og betra starfsumhverfi. Mikilvægt er að halda utan um málefni starfsmanna hafandi í huga velferð einstaklingsins sem og heildarinnar.

Aðgerðir

1. Nýta niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsmanna til að bæta starfsumhverfi.

Tímaáætlun

Allt árið 2015.

Ábyrgðarmaður

Vinnuhópur um heilsueflingu.

Árangursþáttur

Góður vinnustaður.

4.6 Fjölskylduvænn vinnustaður og jafnrétti

Rök

Lækjarskóli er fjölskylduvænn vinnustaður og leitast við að gæta fyllsta jafnréttis milli einstaklinga. Hver starfsmaður á að vera metinn að verðleikum sínum á eigin forsendum og markmiðið er að stuðla að jöfnum tækifærum einstaklinga. Þetta á við um rétt til starfa, kjara, aðstöðu og menntunar. Lækjarskóli styður starfsmenn í að nýta sér þann sveigjanleika sem skólaumhverfið býður upp á.

Aðgerðir

1. Vinnuhópur sem yfirfer og uppfærir jafnréttisstefnu Lækjarskóla.
2. Árlega verði gerð aðgerðaráætlun í jafnréttismálum í tengslum við árangursstjórnun skólans og árangur síðasta árs metinn.
3. Nýta niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsmanna til að bæta starfsumhverfi.
4. Kynna hlutverk og verklag jafnréttisnefndar fyrir starfsmönnum Lækjarskóla.

Tímaáætlun

Allt árið 2015.

Ábyrgðarmaður

Sigríður Valdimarsdóttir deildarstjóri, Halldóra Björk Smáradóttir, námsráðgjafi og vinnuhópur um jafnréttismál.

Árangursþáttur

Góður vinnustaður þar sem jafnrétti ríkir.

4.7 Starfsmannaviðtöl

Rök

Í Lækjarskóla er jákvætt og skapandi starfsumhverfi þar sem endurgjöf er veitt til starfsmanna. Frammistaða er metin og starfsmannasamtöl er aðferð til að miðla og ræða frammistöðu. Starfsmannaviðtöl eru m.a. vettvangur til að kanna vilja og þörf starfsmanna til fræðslu og starfsþróunar.

Aðgerð

1. Starfsmannaviðtöl eru framkvæmd árlega af yfirmanni viðkomandi deildar í þeim tilgangi að veita gagnkvæma endurgjöf, þ.e. að starfsmenn fái endurgjöf á hæfni þeirra og árangur í starfi og að yfirmenn fái endurgjöf á það sem að þeim snýr.
2. Skólastjóri fær afrit af öllum viðtölum.
3. Árangurinn er metinn og mældur árlega.

Tímaáætlun

Febrúar/mars og október/nóvember.

Ábyrgðarmaður

Árangursþáttur

Jákvætt og skapandi starfsumhverfi.

Mælikvarðablað Lækjarskóla 2013- 14

Árangursþættir	Mælikvarðar	Viðmið	Staða 2007-08	Staða 2008-09	Staða 2009-10	Staða 2011-12	Staða 2012-13	Leiðir
Þjónusta								
Ánægja foreldra og nemenda	1.1. Hlutfall nemenda sem líður vel í skólanum	80%	86%	87%		88%	91%	Könnun á vegum Lækjarskóla
	1.1 Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með Lækjarskóla	80%	83%	85%		93%	90%	Skólapúslinn Könnun á vegum Lækjarskóla
Ánægja grenndar-samfélagsins	1.2 Hlutfall þátttakenda sem er ánægðir með Lækjarskóla	80%	óljós úrlestur	Ekki kannað		Ekki kannað	Ekki kannað	Könnun á vegum Hafnarfjarðarbæjar
Góður árangur skólans	1.3 Fjöldi nemenda í 10 b. með yfir 7,00 í einkunn á samræmdum prófum í ísl., stæ. og ens.	50%	Yfir viðm.	Yfir viðm.	50%	Ísl./und Stæ./und. Ensk./yfir	Ísl./34%. Stæ./34% Ensk./48%	Úttekt Lækjarskóla/Námsmatsstofn.
	1.4 Hlutfall ánægðra nemenda, foreldra, starfsmanna.	80%	Yfir viðm.	Yfir viðm.		80%	90%	Skólapúslinn Úttekt Lækjarskóla
Einstaklingsmiðun og samvinnunám (CLIM)	1.5 Hlutfall nemenda sem eru ánægðir með CLIM.	*	*			*	*	Úttekt Lækjarskóla
Áreiðanleg upplýsingamiðlun	1.6 Hlutfall foreldra sem telja sig vel upplýsta	80%	76,50%	74,50%		88%	*	Könnun á vegum Lækjarskóla
	1.7 Hlutfallsleg aukning heimsóknna á heimasíðu milli ára	5%	Yfir viðmið	18%	20%	Ánægja með heimas. 57% Hlutlaus 27%	80%	Skólapúslinn Úttekt Lækjarskóla
	1.8 Hlutfall yfirvalda sem eru ánægð með Lækjarskóla	80%	mars	Ekki kannað		*	*	Könnun Lækjarskóla / Hafnarfj. / Menntamálaráð

Árangursþættir	Mælikvarðar	Víðmið	Staða 2007-08	Staða 2008-09	Staða 2009-10	Staða 2011-12	Staða 2012-13	Leiðir
----------------	-------------	--------	------------------	------------------	------------------	------------------	------------------	--------

Fjármál								
Halda sig innan fjárhagsramma	2.1 Frávik frá fjárheimildum	0-1%	0.4%			0-1%	0-1%	Úttekt Lækjarskóla / Stjórnendakerfið Lækurinn
								Aðhald og eftirlit, samanburður reksturs og fjárheimilda / leiðrétt innan rammaáætlunar.
Skilvirkt eftirlit	2.2 Leiðréttingar á færslum milli liða	0-1%	0%			0-1%	0-1%	Úttekt Lækjarskóla / Stjórnendakerfið Lækurinn Aðhald og eftirlit, samanburður reksturs og fjárheimilda / leiðrétt innan rammaáætlunar.

Hagkvæmni í rekstri, hámarksnýting fjármagns	2.3 Ánægðir þjónustupegar	80%	mars	Ekki framkvæmt		80%	Samkv. Stjórnendaf.	Úttekt Lækjarskóla
							Aðhald og eftirlit. Að uppfylla stefnu og markmið	
Ferli								
Skilvirkt skipulag, árangursstjórnun	3.1 Hlutfall stm. sem telja verklagsreglur um vinnutilhögun skýrar á vinnustað*	80%	87%	87%				Viðhorfskönnun Hafnarfjarðarbæjar
	3.2 Hlutfall starfsmanna með starfslýsingu	100%	febrúar	90%		í skoðun	í skoðun	Úttekt Lækjarskóla
	3.3 Hlutfall ánægðra notenda	80%	mars	Ekki framkvæmt				Úttekt Lækjarskóla
	3.4 Fjöldi vinnuferla skráð í skólanum	skráð	óskráð	11	20	í skoðun	í skoðun	Úttekt Lækjarskóla, öll ferli skr., aukning
	3.5 Starfsáætlun tilbúin og yfirfarin 2 vikum fyrir skil	2 vikur	0 dagar	Staðið	2 vikur	2 vikur	Ekki á tíma	Úttekt Lækjarskóla
Jákvæð agastýring	3.6 Hlutfall þátttakenda sem eru sáttir við SMT skólafærnireglurnar	80%	86,80%	67,40%		80%	64%	Skólapúsinn Könnun

Sértæk úrræði og sérdeildir	3.7 Skima fyrir sérkennsluþörf. Fækkun frá 2. bekk til 9. bekkja.	<75%	í vinnslu	Undir viðm	75%	Aukin þörf	Aukin þörf	Úttekt Lækjarskóla á minnkaðri þörf
	3.8 Hlutfall ánægðra yfirvalda, starfsmanna og þjónustuþega	80%	mars	Ekki framkvæmt		93%	95%	Skólapúsinn Úttekt Lækjarskóla
Mannauður								
Markviss starfsþróun og fræðsla	4.1 Hlutfall stm. sem telja þekkingu sína og hæfni vel nýtt í starfi *	84%	92%	92%			88%	Skólapúsinn Viðhorfskönnun Hafnarfjarðarbæjar
	4.2 Hlutfall stm. sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á sl. 12 mán	100%	100%	100%	100%	100%	100%	Úttekt Lækjarskóla / menntaskrá
	4.3 Hlutfall stm. sem telja að upplýsingastreymi innan Lækjarskóla sé gott *	84%	78%	78%				Viðhorfskönnun Hafnarfjarðarbæjar

Góður vinnustaður	4.4 Hlutfall stm. sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið *	84%	87%	87%			4,2	Skólapúsinn Viðhorfskönnun Hafnarfjarðarbæjar
	4.5 Hlutfall stm. sem telja að þeir hafi tæki/tæknibúnað til að sinna starfi sínu vel*	84%	71%	71%			4,3	Skólapúsinn Viðhorfskönnun Hafnarfjarðarbæjar
	4.6 Hlutfall stm. sem telja að gott jafnvægi ríki milli vinnu og einkalífs*	84%	77%	77%		Ekki kannað	Ekki kannað	Viðhorfskönnun Hafnarfjarðarbæjar
Jákvætt og skapandi starfsumhverfi	4.7 Hlutfall stm. sem hafa farið í starfsmannasamtal á sl. 12 mánuðum	100%	100%	98%	98%	88%	69%	Úttekt Lækjarskóla / menntaskrá Skólapúsinn/ könnunin var í gangi þegar viðtöl fóru fram.

Tímaás verkefnaáætlunar 2013

	Jan	Feb	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nov	Des
Helstu verkefni				Foreldrar					Ne m	Ne m		
1.1. Viðhorfskönnun meðal nemenda og foreldra												
1.2 Viðhorfskönnun meðal grenndarsamfélagsins												
1.3 Árangur miðað við niðurstöður samræmda prófa												
1.4 Árangur miðað við niðurstöður úr samhæfðum mælikvörðum												
1.5 Innleiðing og viðhald einstaklingsmiðunar og samvinnunáms (CLIM)												
1.6 Upplýstir foreldrar og nemendur												
1.7 Upplýst samfélag / samfélög												
1.8 Upplýst yfirvöld												
2.1 Heildarrekstur skólans sé innan áætlunar												
2.2 Navision nýtt til eftirlits												
2.3 Skilvirkur rekstur, fagleg nýting fjármuna												
3.1 Skipurit												
3.2 Starfslýsingar												
3.3 Handbók												
3.4 Ferli												
3.5 Starfsáætlun												
3.6 SMT – skólafærni												
3.7 Snemmtæk íhlutun												
3.8 Þróun sérdeilda												
4.1 Símenntunaráætlun												
4.2 Faglegt starf / þverfaglegt samstarf												
4.3 Gott upplýsingaflæði meðal starfsmanna												
4.4 Starfsmannakannanir												
4.5 Stuðla að öryggi og vellíðan starfsmanna												
4.6 Fjölskylduvænn vinnustaður												
4.7 Starfsmannaviðtöl												

Ytra mat grunnskóla, Lækjarskóli 2014

Hér á eftir fer Umbótaáætlun v. ytra mats sem unnin var í kjölfar skýrslu um matið. Þar komu að allir aðilar skólasamfélagsins, stjórnendur, kennarar, almennir starfsmenn, foreldrar og nemendur.

Fyrir hönd Lækjarskóla

Virðingarfyllst

Haraldur Haraldsson, skólastjóri Lækjarskóla.



MATS-, ÞRÓUNAR- OG UMBÓTAÁÆTLUN LÆKJARSKÓLA 2014-2015

ÁÆTLUN UNNIN Í KJÖLFAR YTRA MATS LÆKJARSKÓLA VORIÐ 2014 Á VEGUM NÁMSMATSSTOFNUNAR FYRIR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ OG HAFNARFJARÐARBÆ

Stjórnun					
Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Stjórnandinn sem leiðtogi	Stjórnendur fylgist með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf og hvatningu.	Heimsóknir skólastjórna í kennslustundir. Endurgjöf til kennara eftir heimsókn.	Haust 2014-vor 2015	Rafræn mæling vorið 2015 í Skólapúlsi.	Skólastjóri
	Skýra merkingu einkunnarorða skólans fyrir foreldrum.	Farið yfir einkunnarorðin á haustfundum með foreldrum.	Hverju hausti. Jafnframt tekið fyrir á áberandi stað á heimasíðu skólans.	Kannað í foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2015	Skólastjóri
Stjórnun stofnunnar	Bæta upplýsingastreymi til starfsmanna.	Hvetja starfsmenn til að nýta betur þá miðla sem veita upplýsingar í skólanum, s.s heimasíðu, upplýsingaskjái, vikutíðindi, o.s.frv.	Verður rætt á fundum með starfsmönnum og stjórnendum og leitað leiða til að bæta upplýsingaflæðið.	Árangur kannaður í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2015	Skólastjóri
	Gera ítarlegri lýsingu á verklagi við móttöku nýrra starfsmanna.	Fara yfir stefnu um móttöku nýrra starfsmanna í starfsmannahandbók og gera ítarlegri móttökufarla.	Haust 2014	Árangur kannaður í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2015	Skólastjóri
	Skýra stöðu skólaliða í skipuriti.	Breyta skipuriti, þannig að skólaliðar heyri undir aðstoðarskólastjóra.	Þessu er lokið nú þegar.	Haust 2014.	Skólastjóri

Stjórnun					
Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Stjórnun stofnunar	Vinna að aukinni starfsánægju og góðum starfsanda.	Hópefli. Fyrirlestra um hvað einkennir góðan starfsanda.	Janúar/febrúar 2015	Starfsmannakönnun Skólapúlsins að vori 2015	Skólastjórnendur
	Vinna markvisst gegn einelti í starfsmannahópnum	Rannsaka betur, skoða Skólapúlsinn. Stuðla að samræðu innan starfsmannahópsins og leita tillagna frá þeim.	Haust 2014	Starfsmannakönnun Skólapúlsins að vori 2015	Skólastjóri
Skólaþróun	Birta á heimasíðu skólaþróunarverk-efni sem unnið er að og um markmið símenntunnar	Þróunarverkefni og markmið símenntunar eru birt nú þegar á heimasíðu	Lifandi skjal sem er í sífelldri endurskoðun.	Uppfært sl. vor	Skólastjóri
	Auka virkni og þátttöku starfsfólks í skólaþróun og umbótum.	Allir starfsm. teknir með í vinnu við skólaþróun og umbætur.	Október og nóvember 2014. Síðan lifandi verkefni.	Starfsmannakönnun og starfsmannasamtöl vorið 2015.	Skólastjóri.
	Skilgreina leiðir til að koma til móts við símenntunarþarfir einstaklinga.	Hópvinna starfsfólks og rýni stjórnenda.	Haust 2014 og síðan lifandi verkefni	Starfsmannasamtölum að vori	Skólastjóri
Starfsáætlun og skólanámskrá	Fylgja ábendingum aðalnámskrár um hvar á heimasíðu upplýsingar birtist.	Matsteymi og vef-stjóri fara yfir aðal-námskrá og finna upplýsingum stað.	Vorönn 2015		Stjórnendur og matsteymi.
Skóladagur nemenda	Endurskoða skipulag seinni frímínútna í 1.-7. bekk.	Skipulagið hefur verið endurskoðað og því breytt.	Lokið	Haust 2014	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri

Stjórnun

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Skóladagur nemenda	Koma í veg fyrir að námstími nemenda skerðist vegna sunds og íþróttatíma sem liggja að öðrum tímum.	Er í vinnslu.	Haust 2014		Skólastjóri.
	Tryggja að smiðju-fyrirkomulag á miðstigi uppfylli tilskilinn tímafjölda í list og verkgreinum.	Leiðrétt með nýrri viðmiðunarstunda-skrá sem er í prufukeyslu þennan vetur.	Veturinn 2014-2015	Skoðað næsta vor af stjórnendum þegar ný stundatafla verður gerð.	Skólastjóri.
	Fjölga tímum í valgreinum á unglingsstigi fyrir alla árganga.	Við stundatöflugerð var valgreinum fjölgað.	Lokið		Skólastjóri.
	Auka val nemenda í námi.	Samræma við aðalnámskrá. Valbrautir innan áfanga	Fyrir 1. mars 2015	Gögn/val nemenda fullunnið vorið 2015.	Skólastjórnendur, deildarstjóri unglingsstigs.
Verklagsreglur og áætlanir	Auka og viðhalda ánægju þátttakenda með SMT-agakerfið	SMT fundir m. Starfsfólki. Fyrirlesarar fengnir. 1x á önn.	Lifandi verkefni	Í starfsmanna-viðtölum	
	Leita leiða til að draga úr einelti sem kemur upp í skólanum.	Vinna er í gangi með einstaklings- og heildarhagsmuni að leiðarljósi. Settur í gang rýnihópur.	Skólaárið 2014-2015	Skólapúls og rýni.	Skólastjóri.

Stjórnun					
Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Verklagsreglur og áætlanir	Birta á heimasíðu upplýsingar á erlendum tungumálum fyrir foreldra.	Þýðendur verða fengnir til að þýða upplýsingar.	Skólaárið 2014-15	Metið í rýnihópi kennara og deildarstjóra vorið 2015	Skólastjóri/deildarstjóri Móttökudeildar.
Samskipti heimila og skóla	Birta fundagerðir skólaráðs á heimasíðu.	Fundagerðir skóla-ráðs eru birtar á heimasíðu.	Vor 2014		Ritari
	Efla samstarf fulltrúa foreldra í skólaráði við foreldrahópinn og tryggja lýðræðilega kosningu foreldra fulltrúa.	Stjórnendur funda með stjórn foreldra-félags og fulltrúum foreldra í skólaráði.	Haust 2014		Skólastjóri
	Styrkja enn frekar samstarf stjórnenda skólans við foreldrafélag	Stjórnendur halda fund með stjórn foreldrafélags og yfirfara málið.	Okt. 2014		Skólastjóri
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Auka tækifæri foreldra til beinnar þátttöku í námi nemenda.	Heimsóknir á skólatíma. Foreldra-kynning „kennsla“.	Lifandi verkefni.	Foreldrakönnun í skólapúlssi vorið 2015.	Umsjónarkennarar
	Auka samráð við foreldra um heimanám.	Ræða á haustfundum með foreldrum og festa í gegnum Mentor	Haust 2014	Kanna í foreldra-viðtölum haust og vor.	Umsjónarkennarar
	Bæta heimasíðuna sem upplýsingaveitu fyrir foreldra.	Rýnihópur foreldra og kennara skoða heimasíðu og koma með tillögur.	Janúar 2015	Foreldra könnun í Skólapúlssi vorið 2015.	

Nám og kennsla

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Inntak og árangur	Setja fram upplýsingar í skólanámskrá í samræmi við viðmið í aðalnámskrá	Námskrárhópur samræmir upplýsingar og viðmið.	Jan-mars 2015	Matsteymi skoðar.	Námskrárhópur
	Athuga hvað veldur því að árangur nemenda í lestri dalar frá 1. bekk í 2. og 3. bekk og bregðast við.	Rýnihópur kennara 1-3. bekkja ásamt deildarstjóra stigsins og deildarstjóra sérkennslu. Koma með tillögur.	Janúar 2015 lokið í maí 2015	Skoða stöðuna í lok skólaárs.	Deildarstjóri yngsta stigs.
Skipulag náms og námsumhverfi	Auka val í 8.-10. bekkjum í 20% námstímans.	Samræma við aðalnámskrá. Valbrautir innan áfanga	Fyrir 1. mars 2015	Gögn/val nemenda fullunið 15. Apríl 2015.	Skólastjórnendur, deildarstjóri unglíngastigs.
	Hvetja foreldra og nemendur til að nota námsvísa/bekkjarnámskrár og annaráætlanir með markvissum hætti.	Gera námsvísa markvissari. Samræma milli námsstiga. Þarf að liggja fyrir að vori hverkennsla næsta vetrar verður.	Byrjun skólaárs, t.d. 1. sept ár hvert.	Spurningalistar í innra mati.	Stjórnendur/ umsjónarkennarar
	Skilja á milli námsárangurs annars vegar og ástundunar eða hegðunar hins vegar í námsmati.	Taka allt mat til endurskoðunar. Fá aðstoð sérfræðings til að ritstýra endurskoðun námsmats. Samfella milli stiga.	Vor 2016	Gátlisti fyrir hverja grein.	Stjórnendur

Nám og kennsla

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Kennsluhættir og gæði kennslu	Skipuleggja verður stundaskrá nemenda þannig að nemendum gefist nægur tími til að fara í og úr sundi og íþróttatímum.	„Ferðatími“Fylgd milli staða. Skoða annarskonar vinnulotur.	Vor 2015.	Skoða stundatöflur að vori.	Stjórnendur.
	Efla fjölbreytta kennsluhætti og nýta möguleika upplýsingatækninnar meira til náms og kennslu.	Skólinn fái þann tölvubúnað og aðstöðu sem vantar.	Sjái stað í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.	Fjárhagsáætlun	Fræðsluráð.
	Auka áherslu á samræður og samskipti nemenda um námið.	Auka samvinnunám.	Samhliða innleiðingu aðalnámskrár.		Námskrárhópur.
Námshættir og námsvitund	Auka hlut nemenda í að skipuleggja og bera stigvaxandi ábyrgð á eigin námi.	Gera vinnuáætlun. Nemendur ráði ferðinni í samráði við kennara.	Skólaárið 2014-2015.	Eftirlit stjórnenda. Sjálfsmat nemenda.	Kennarar og stjórnendur.
	Nýta upplýsingatækni markvisst í námi og kennslu.	Auka og bæta tölvu- og spjaldtölvukost skólans. Skjávarpa í allar stofur.	Sem fyrst.	Fjárhagsáætlun	Fræðsluráð/stjórnendur/kennarar.

Nám og kennsla

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Lýðræðisleg vinnubrögð	Hafa fulltrúa nemenda með í sjálfsmatsteymi skólans.	Nemendur kjósa 2 fulltrúa með lýðræðislegum hætti.	Áramót 2014-15.		Stjórnendateymi og nemendaráð
	Kynna niðurstöður mats og kannana um skólastarfið fyrir nemendum.	Niðurstöður kannana verði kynntar nemendum á sal.	Í hvert sinn þegar niðurstöður liggja fyrir.	Lifandi verkefni.	Matsteymis og deildarstjóra stiga.
Ábyrgð og þátttaka	Auka þátttöku og ábyrgð nemenda í eigin námi.	Nemendur setji sér markmið og tengi viðmið um árangur við þau.	Skólaárið 2015-2016. Verið viðhaldið á hverju ári.	Metið við lok skólaárs 2016.	Umsjónarkennarar og foreldrar.
	Efla sjálfsmat nemenda og kenna þeim að meta eigin framfarir í tengslum við markmið og viðmið um árangur.	Í nýrri skólamánskrá verði sett viðmið um sjálfsmat nemenda og þeim leiðbeint um mat á eigin framförum tengt viðmiðunum um árangur.	Skólaárið 2015/2016 Þarf síðan að viðhalda á hverju ári.	Lifandi verkefni	Stjórnendateymi.
	Efla möguleika foreldra til að vera virkir í námi barna sinna með góðum upplýsingum um nám og kennslu á heimasíðu.	Virk samskiptaleið í gegnum áætlanir.	Lokið.	Mælingar í stöðugri vinnslu með eftirfylgni af hálfu stjórnendateymis. Foreldrakönnun.	Stjórnendateymi.

Nám og kennsla

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Nám við hæfi allra nemenda	Huga að því að verkefni séu nægilega krefjandi fyrir alla nemendur, líka bráðgera nemendur.	Hafa auka námsefni einstaklingsmiðað. Fækka nemendum pr. starfsmann myndi auðvelda.	Byrja sem fyrst á haustönn 2014.	Meta styrk nem. Og bera saman við námsefni viðkomandi. Fylgjast reglulega með.	Kennarar og stjórnendur.
Nám við hæfi allra nemenda	Tengja mætti verkefni og viðfangsefni betur við áhuga nemenda.	Útfæra námið í samræmi við þroska og áhuga nemandans.	Byrja sem fyrst á haustönn 2014	Kanna áhugasvið nem. og bera saman við kennsluefni.	Kennarar og stjórnendur.
Stuðningur við nám	Gera starf sem snýr að námi nemenda með sérþarfir sýnilegar í opinberum gögnum skólans.	Gögnin yfirfarin og sett á heimasíðu skólans.	Haustönn 2014.	Heimasíða skoðuð.	Stjórnendateymi.
	Skrá og gera grein fyrir á heimasíðu hvað gert er til að meta sérstakar þarfir nemenda og gera grein fyrir viðmiðum.	Viðeigandi upplýsingar verða settar á heimasíðu.	Fyrir næstu annarskipti.	Skoða heimsíðu.	Vefstjórnendur.

Innra mat					
Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Ljúka aðlögun upplýsinga úr Skólapúlsinum að fyrirbyggjandi árangursmati skólans.	Ljúka úrvinnslu síðasta árs.	Lok des 2014	Matsteymi leggur mat á aðlögunina í janúar 2015.	Matsteymi, stjórnendur, kennari, skólapúls.
	Auka aðkomu starfsfólks að innra matinu þannig að það geti talist samofið daglegu skólastarfi.	Reglulegir umbótafundir með öllu starfsfólki þar sem kveðið er á um markmið t.d. hvers mánaðar.	Nóv 2014	Niðurstöður umbótafunda sendar til skólastjórnenda.	Stjórnendur
Innra mat er markmiðsbundið	Tengja saman stefnu skólans, markmið skólanámskrár og mat á markmiðum skólans.	Matstæki fulllagað að þörfum skólans.	Jan 2016	Skólapúlsinn, matsteymi, skólaskrifstofa.	Stjórnendur og matsteymi.
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	Birta upplýsingar um hvernig staðið er að úttekt Lækjarskóla.	Senda á skólaskrifstofu, ráðuneyti og birta á síðu skólans.	Vor 2015	Lifandi verkefni.	Tölvuumsjón og stjórnendur.
	Leita leiða til að koma á innra mati með virkri þátttöku starfsmanna.	Þverfaglegur rýnihópur búinn til. Jafningjafraeðsla.	Vor 2015. Sífelld mat, eilífðarverkefni.	Flæðandi verk, endurgjöf frá stjórnendum og starfsmönnum.	Stjórnendur.
	Stjórnendur veiti kennurum endurgjöf á kennslu og nám.	Fara á milli. Stjórnendur heimsækja kennara í tíma. Vísiteringaáætlun.	Jan 2015, óendanlegt.	Starfsmannaviðtöl, matskvarðar, matsteymi. Kynning vorið 2015.	Stjórnendur, matsteymi.

Innra mat

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Koma á matsteymi með þátttöku fulltrúa starfsfólks, foreldra og nemenda.	Virkja matsteymið. Fastir fundir einu sinni í mánuði.	Okt. 2014/vor 2015.	Nemendur, foreldrar, skólaskrifstofa, starfsfólk.	Skólaráð.
Innra mat er opinbert	Birta foreldrum og nemendum niðurstöður kannana á skólastarfi.	Birta á heimasíðu. Tilkynning, biðja um endurgjöf.	Okt.2014/Lifandi verkefni	Skoða heimasíðu.	Deildarstjóri og tölvuumsjón.
Innra mat er umbótamiðað	Tengja aðgerðir í umbótaáætlun niðurstöðum mats með skýrum hætti.	Búa til hóp sem tekur við niðurstöðum kannana og vinnur að úrbótum í tengslum við niðurstöðurnar.	Okt 2014/vor 2015.	Matsteymi skoðar í lok skólaársins 2014-2015.	Matsnefnd, skólastjórnendur.
	Aðgerðabinda öll umbótaverkefni sem tilgreind eru.	Fastar dagsetningar eftir eðli umbótaverkefna.	Lifandi verkefni.	Yfirfarið af matsteymi og stjórnendum hvert vor.	Stjórnendur
	Auka þátttöku foreldra og nemenda í innra mati og umbótum.	Virkja foreldraráð/félag og nemendaráð.			Nemendur og foreldrar.

Nám nemenda með sérþarfir

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Nám við allra hæfi	Tengja áhuga nemenda betur inn í skipulag náms.	-Áhugasviðskönnun hjá nemendum. -Tengja áhugasvið nemandans inn í námið. -Nýta áhugasviðskönnun við skipulag náms. -Verkefni útbúin/-útfærð út frá áhuga-sviði nemandans.	Í byrjun annar er áhugasviðskönnun lögð fyrir. Lifandi verkefni sem líkur aldrei.	Með virkni og náms-áangri nemandans. Metið út frá gátlista. Gátlistar 2-3svar á önn. Í byrjun annar, um miðja önn og lok annar.	Umsjónarkennari, deildarstjórar sérdeilda og/eða fagaðilar sem koma að nemandanum.
	Gera nemendur betur meðvitaða um markmið og viðmið um árangur.	-Hafa nemendur með í markmiðssetningu námsins. -Viðmið um árangur er með íhlutun og umbun t.d. matsbók/gátlista. -Nemendur með í markmiðssetningu.	Í upphafi annar.	Nemandinn sjálfur ásamt umsjónarkennara og/eða fagaðilum sem koma að nemandanum, meta saman hvaða markmiðum hefur verið náð t.d. með matsbók og/eða gátlista. Matið fer fram eftir þörfum.	Umsjónarkennari og/eða fagaðilar sem koma að nemandanum.

Nám nemenda með sérþarfir

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Nám við allra hæfi	Bæta tölvukost og nýtingu tækni við nám og kennslu í skólanum.	-Bæta tölvukost í kennslustofum, setja upp skjávarpa og bæta við spjald-tölvum sem kennslugögnum. -Bæta aðgengi að tölvuforritum og samnýta aðgengi að forritum.	Sem fyrst. Verkefni þarf alltaf að vera í athugun.	Með eftirliti um áramót og í lok skólaárs.	Skólastjóri í samráði við deildarstjóra.
	Huga þarf sérstaklega að því að náms-umhverfi styðji vel við nám nemenda í fjölgreinadeild.	-Bæta tækjabúnað. -Húsgögn við hæfi unglunga.	Úrbætur þurfa að verða sem fyrst og þeim þarf að ljúka á skólaárinu.	Með eftirliti um áramót og í lok skólaárs.	Skólastjóri í samráði við deildarstjóra.
Greiningargögn og námsáætlanir	Hafa meira um skipulag á starfi deildanna og ferlum sem að því snúa sýnilegt á heimasíðu.	Vinnu er að ljúka og afraksturinn verður gerður sýnilegur í nóvember.	Fyrir lok nóvember 2014.	Sjá heimasíðu.	Deildarstjórar
	Huga að því að unglingar sem eru fjölgreinadeild hafi lögbundið val.	Sjá sama í kaflanum um nám og kennslu.			

Nám nemenda með sérþarfir

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Verklagsreglur og áætlanir	Gera inntökufæri og viðmið um inntöku í sérdeildir aðgengileg og birta á heimasíðu skólans.	Verður sett á heimasíðu að lokinni endurskoðun.	Nóvember 2014	Heimasíða skoðuð af deildarstjórum og stjórnendum.	Skólastjórnendur/deildastjórar/skól a-skrifstofa/sér-kennslufulltrúi
	Birta móttökuáætlanir á heimasíðu skólans.	Verður sett á heimasíðu að lokinni endurskoðun.	Nóvember 2014	Heilasíða skoðuð af deildarstjórum og stjórnendum.	Skólastjórnendur/deildastjórar/skól a-skrifstofa.
	Samræma framsetningu vorskýrslna og birtingu gagna hjá sérdeildum.	Vorskýrslur og önnur gögn verða samræmd og birt á heimasíðu.	Vor 2015	Heimasíða skoðuð af matsteymi og stjórnendum	Skólastjórnendur/deildastjórar.
	Gera skýrslur og upplýsingar um starfsemi sérdeilda meira sýnilegar.	Skýrslur um starfsemi sérdeilda settar á heimasíðu og innra net skólans.	Skólaárið 2014-2015	Heimasíða skoðuð af matsteymi og stjórnendum.	Skólastjórnendur/Deildastjórar/skól a-skrifstofa.

Nám nemenda með sérþarfir

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Verklagsreglur og áætlanir	Birta á heimasíðu skólans upplýsingar um skólann og starfsemi hans á helstu tungumálum nemenda af erlendu bergi.	Sjá sama í kaflanum um stjórnun.			
Skipulag	Skrá og birta upplýsingar á starfi sérdeilda.	Sjá hér að ofan.			
	Tryggja að mikilvægar upplýsingar um nemendur með sérþarfir komist til skila til þeirra starfsmanna sem þurfa á þeim að halda.	Halda fundi með viðkomandi starfsmönnum.	Í annari viku september og annari viku janúar.	Til dæmis með könnun fyrir alla starfsmenn og athuga hvort upplýsingar hafi skilað sér.	Stjórnendur